



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 38/2014

## Tilboðsauglýsingar Bauhaus

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Með bréfi Neytendastofu til Bauhaus, dags. 16. ágúst 2013, var félaginu gerð grein fyrir því að stofnuninni hafi borist ábendingar vegna fyrra verðs á tilboðsvörum félagsins. Í tilefni ábendinganna vilji stofnunin vekja athygli Bauhaus á ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í bréfinu eru rakin ákvæði 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laganna. Þá er vakin athygli á ákvæðum 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Með vísan til ákvæðanna var farið fram á að Bauhaus færði sönnur á að eftirfarandi fjórar vörur hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði áður en til afsláttar kom.

LEIKJAHÚS. Í auglýsingabæklingum Bauhaus með gildistíma 16.-28. júlí, 20. júlí – 11. ágúst og 13.-25. ágúst hafi varan verið auglýst með 20% afslætti á 99.995 kr. og fyrra verð tilgreint 127.995 kr. Í auglýsingabæklingi Bauhaus með gildistíma 18.-30. júní hafi varan hins vegar verið auglýst á 99.995 kr. án þess að fram kæmi að um afsláttarverð væri að ræða. Neytendastofa fari fram á að Bauhaus færi sönnur á að varan LEIKJAHÚS hafi verið seld á 127.995 kr. áður en til afsláttar kom.

LILLEVILLA 70. Í auglýsingabæklingum Bauhaus með gildistíma 16.-28. júlí, 20. júlí – 11. ágúst og 13.-25. ágúst hafi varan verið auglýst með 20% afslætti á 419.995 kr. og fyrra verð tilgreint 524.995 kr. Í auglýsingabæklingum Bauhaus með gildistíma 7.-19. maí, 21. maí – 2. júní, 4.-16. júní og 18.-30. júní hafi varan hins vegar verið auglýst á 499.995 kr. án þess að fram kæmi að um afsláttarverð væri að ræða. Neytendastofa fari fram á að Bauhaus færi sönnur á að varan LILLEVILLA 70 hafi verið seld á 524.995 kr. áður en til afsláttar kom.



LILLEVILLA 12. Í auglýsingabæklingi Bauhaus með gildistíma 13.-25. ágúst hafi varan verið auglýst með 20% afslætti á 335.995 kr. og fyrra verð tilgreint 419.995 kr. Í auglýsingabæklingum Bauhaus með gildistíma 7.-19. maí, 4.-16. júní og 18.-30. júní hafi varan hins vegar verið auglýst á 279.995 kr. án þess að fram kæmi að um afsláttaverð væri að ræða. Neytendastofa fari fram á að Bauhaus færi sönnur á að varan LILLEVILLA 12 hafi verið seld á 419.995 kr. áður en til afsláttar kom.

LILLEVILLA BÍLSKÚR. Í auglýsingabæklingi Bauhaus með gildistíma 30. júlí – 11. ágúst hafi varan verið auglýst með 20% afslætti á 648.995 kr. og fyrra verð tilgreint 811.750 kr. Í auglýsingabæklingi frá 7.-19. maí hafi varan verið auglýst á 799.995 kr. án þess að fram kæmi að um afsláttarverð væri að ræða. Neytendastofa fari fram á að Bauhaus færi sönnur á að varan LILLEVILLA BÍLSKÚR hafi verið seld á 811.750 kr. áður en til afsláttar kom.

## 2.

Skýringar Bauhaus bárust Neytendastofu með bréfi dags. 6. september 2013.

Í bréfi stofnunarinnar séu settar fram spurningar vegna fjögurra tilgreindra vörutegunda og óskað sönnunar um að Bauhaus hafi selt vörurnar á nánar tilgreindu verði. Er fyrirspurnunum svarað í sömu röð og í bréfi Neytendastofu.

Bauhaus hafi frá upphafi ársins 2012 selt þrjú stykki af vörunni LEIKJAHÚS, þar af eitt á verðinu 127.990 kr. á árinu 2012 og tvö á verðinu 199.900 kr. á árinu 2013. Varan hafi ekki verið seld á nákvæmlega því verði sem Neytendastofa tilgreini í fyrirspurn sinni. Hún hafi engu að síður verið seld á hinu almenna verði sem hafi verið 127.990 kr. sem sé fimm krónum frá verðinu sem fram komi í bæklingnum og hafi fyrir mistök verið sagt 127.995 kr. Verð vörunnar áður en afsláttur af henni tók gildi þann 13. ágúst 2013 hafi verið 127.990 kr.

Bauhaus hafi frá upphafi ársins 2012 selt sjö stykki af vörunni LILLEVILLA 70, þar af fimm stykki á verðinu 524.995 kr. á árinu 2012 og tvö á verðinu 419.995 kr. á árinu 2013. Varan hafi verið seld á því verði sem spurt sé um. Verð vörunnar áður en afsláttur tók gildi þann 13. ágúst 2013 hafi verið 524.995 kr.

Bauhaus hafi frá upphafi ársins 2012 selt 12 stykki af vörunni LILLEVILLA 12, þar af eitt stykki á verðinu 419.995 kr. á árinu 2012 og 11 stykki á árinu 2013 (þar af eitt stykki á 335.995 kr., níu stykki á 279.995 kr. og eitt stykki á 284.990 kr.) Varan hafi því verið seld á því verði sem spurt sé um. Verð vörunnar áður en afsláttur á henni tók gildi 13. ágúst 2013 hafi verið 419.995 kr.

Bauhaus hafi frá upphafi ársins 2012 selt fjögur stykki af vörunni LILLEVILLA BÍLSKÚR, þar af eitt stykki á verðinu 799.995 kr. á árinu 2012 og þrjú stykki á árinu 2013 (þar eitt stykki á



811.750 kr., eitt stykki á 799.995 kr. og eitt stykki á 648.995 kr.) Varan hafi því verið seld á því verði sem spurt sé um. Verð vörunnar áður en afsláttur á henni tók gildi þann 13. ágúst 2013 hafi verið 811.750 kr.

Með bréfinu fylgdu útprentanir úr sölukerfi Bauhaus sem sýna yfirlit yfir sölu ofangreindra vara.

Í tengslum við umfjöllun um vörunar vilji Bauhaus taka fram að fyrirtækið kappkosti að bjóða neytendum eins hagstætt verð og frekast sé kostur. Verðlagning félagsins mótist einnig af mikilli samkeppni við sambærileg fyrirtæki. Bauhaus hafi að jafnaði nokkur hundruð vörunúmer á sérstökum afslætti sem auglýst séu í bæklingum fyrirtækisins eða með öðrum hætti. Þær vörur sem fara eigi á útsölu og sá afsláttur sem veittur sé ráðist af mörgum þáttum s.s. seljanleika vöru, lagerstöðu og árstíðarbundnum sveiflum og markaðsáherslum fyrirtækisins. Verð samkvæmt tilboðsbæklingum félagsins gildi að jafnaði í 12 daga og algengt sé að einn bæklingur komi út í hverjum mánuði. Fyrirtækið hafi þá reglu að taki vara verðbreytingum til lækkunar innan fjögurra vikna frá viðskiptum eigi viðskiptavinur rétt til endurgreiðslu sem nemi mismuninum á hinu lækkaða verði og því verði sem varan var keypt á.

Í bréfi Neytendastofu sé vísað til 5., 8., 9. og 11. gr. laga nr. 57/2005 sem taki m.a. til óréttmætra viðskiptahátta og framsetningar auglýsinga gagnvart neytendum. Bauhaus taki skýrt fram að félagið telji sig ekki hafa gerst brotlegt við umrædd ákvæði eða önnur ákvæði laga sem gildi um markaðssetningu félagsins. Í bréfi Neytendastofu sé vísað sérstaklega til 11. gr. laganna og 3. gr. reglna nr. 366/2008.

Af orðalagi 3. gr. reglna nr. 366/2008 megi skýrt ráða að hún geri aðrar og meiri kröfur heldur en lagaákvæði 11. gr. Í ákvæði 11. gr. segi: „*má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða*“ en í reglunum segi að fyrra verð sé það verð sem „*varan var seld á áður en til lækkunar kom*“. Þá sé bætt við því skilyrði að seljandi geti sannað að varan hafi verið seld á því verði sem tilgreint sé sem fyrra verð. Ekki sé talað um að sýna þurfi fram á að varan hafi verið boðin á því verði sem seljandi hafi tilgreint sem fyrra verð.

Í íslenskum rétti gildi sú regla að stjórnslufyrirmæli verði að eiga sér viðhlítandi stoð í lögum. Í lögum nr. 57/2005 sé ekki gerð krafa um að seljandi hafi selt vöru á tilteknu verði sem hann tilgreini sem fyrra/upphaflegt verð og enn síður gerð krafa um að hann þurfi að leggja fram sannanir fyrir því að hafa selt vöru á því verði sem hann tilgreini sem fyrra verð. Báðar þessar kröfur sem lagðar séu á hann með 3. gr. reglna nr. 366/2008 séu íþyngjandi fyrir seljandann og rekstur hans. Ekki einungis setji þær honum hömlur í frjálsum atvinnurekstri heldur kunni þær að reynast grundvöllur viðurlaga Neytendastofu, sbr. 11. gr. laganna.



Því sé því mótmælt að Neytendastofa geti reist stjórnvaldsákvörðun gagnvart Bauhaus á 3. gr. reglna nr. 366/2008 þar sem greinin eigi sér ekki skýra stoð í lögum líkt og áskilið sé um stjórnvaldsfyrirmæli.

Í öðru lagi skuli um þetta tekið fram að lögum nr. 57/2005 hafi verið breytt með lögum nr. 50/2008. Tilgangur breytingarinnar hafi verið innleiðing tilskipunar 2005/29/EB frá 11. maí 2005, um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum. Umræddri tilskipun sé ætlað að samræma löggjöf aðildarríkja ESB um vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda gagnvart óréttmætum viðskiptaháttum fyrirtækja. Tilskipunin mæli fyrir um allsherjarsamræmingu á ákvæðum hennar á Evrópska efnahagssvæðinu. Það feli í sér að lög aðildarríkjanna megi hvorki ganga lengra né skemur en ákvæði tilskipunarinnar. Ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008 gangi lengra en heimilað sé samkvæmt umræddri tilskipun.

Í þriðja lagi séu reglur nr. 366/2008 þar að auki svo óskýrar að hluta að ókleift sé að ráða í efnislegt inntak þeirra. Þannig sé að finna í þeim ranga hugtakanotkun þar sem jafnan sé talað um sölu þegar af efni reglnanna leiði að verið sé að tala um að bjóða vöru til sölu á tilteknu verði.

Í ljósi ofangreinds telji Bauhaus að Neytendastofa geti ekki byggt ákvörðun á 3. gr. reglna nr. 366/2008 við ákvörðun gagnvart fyrirtækinu.

Auk þessa vilji Bauhaus benda á að ef krafa um að verð sem kynnt sé sem upphaflegt/fyrra verð sé það verð sem vara hafi síðast selst á þá geti það gengið gegn hagsmunum neytenda. Frá því að vara sé seld kunni verslun að lækka verð hennar nokkrum sinnum áður en hún sé sérstaklega auglýst með afslætti. Neytandi kunni þannig að vera verr settur með að fá samanburð við síðasta verð sem varan seldist á heldur en að átta sig glögglega á því hvert síðasta verð hafi verið fyrir þá útsölu sem auglýsingin sé um.

### 3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 10. mars 2014, fór stofnunin fram á frekari skýringar Bauhaus. Í bréfinu segir að við skoðun á þeim gögnum sem stofnuninni bárust megi sjá að vörurnar LEIKJAHÚS, LILLEVILLA 70 og LILLEVILLA 12 hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði á árinu 2012 og LILLEVILLA BÍLSKÚR hafi verið seldur á tilgreindu fyrra verði í apríl 2013. Í tilviki LEIKJAHÚSS, LILLEVILLA 12 og LILLEVILLA BÍLSKÚR hafi vörurnar verið seldar á lægra verði en því sem tilgreint var sem fyrra verð, frá því að þær voru seldar á tilgreindu fyrra verði og þar til þær væru nú auglýstar með afslætti. Í tilviki LILLEVILLA 70 hafi varan verið auglýst á því verði sem tilgreint sé sem fyrra verð í bæklingi með gildistímann 26. mars – 7. apríl en á lægra verði, án þess að fram kæmi að um afsláttarverð væri að ræða, í bæklingum með gildistíma 7. – 19. maí, 21. maí – 2. júní, 4. – 16. júní og 18. – 30. júní.



Vegna athugasemda í bréfi Bauhaus vilji Neytendastofa benda á að af hálfu áfrýjunarnefndar neytendamála hafi þegar verið tekið á því að með orðalagi 11. gr. laga nr. 57/2005 sé átt við að tilgreint fyrra verð skuli vera verð viðkomandi vöru áður en það var lækkað, þ.e. síðasta verð vörunnar. Þannig segir m.a. í úrskurði áfrýjunarnefndar í máli nr. 2/2012:

*„Áfrýjunarnefnd neytendamála telur hins vegar rétt að taka fram að hún telur að túlka verði hugtakið upprunalegt verð í 11. gr. laga nr. 57/2005 með þeim hætti að þar sé átt við verðið sem var á viðkomandi vöru áður en verðið var lækkað, þ.e. síðasta verð vörunnar. Annað færi illa saman við texta 1. málsl. 11. gr. um raunverulega verðlækkun og það markmið 11. gr. samkvæmt lögskýringargögnum að koma í veg fyrir að neytendur séu blektir með auglýsingum og að tryggja að tilboð sé ekki auglýst nema um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Í því sambandi athugast að hinn dæmigerði neytandi hlýtur almennt að gera ráð fyrir því að hið eldra verð sem birt er og afsláttur reiknast af sé síðasta verð fyrir lækkun. Auglýsing um að verðlækkun sé meiri en í reynd er veitt frá hinu síðasta verði verður því að teljast villandi gagnvart neytendum auk þess sem hún getur ekki talist raunveruleg í skilningi ákvæðisins, þar sem lækkunin er í raun og veru minni en auglýsingin ber með sér. Annar skilningur myndi enda leiða til þess að söluaðilar gætu ákveðið hátt verð í stuttan tíma í upphafi en síðan auglýst um alla framtíð mun hærri afslátt en í reynd er verið að veita frá því verði sem verið hefur á vörunni í kjölfarið.“*

Neytendastofa geti ekki fallist á þær athugasemdir Bauhaus að ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008 gangi lengra en tilskipun Evrópuþingsins- og ráðsins nr. 2005/29/EB, sem innleidd hafi verið í lög nr. 57/2005 með breytingarlögum nr. 50/2008. Í því sambandi bendi Neytendastofa á að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, sem innleidd sé í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, teljist viðskiptahættir villandi ef þeir feli í sér rangar upplýsingar eða ef þeir blekki, eða séu líklegir til að blekkja, meðalneytandann og valdi eða séu líklegar til að valda því að hann taki viðskiptaákvörðun sem hann hefði annars ekki tekið. Í a. – g. liðum séu taldar upp þær upplýsingar sem ákvæðið taki til og í d. lið sé fjallað um verð eða aðferð sem notuð sé við útreikning á verði og hvort um sérstakt verðhagræði sé að ræða.

Í áðurnefndum úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 2/2012 segi:

*„[...] áfrýjunarnefndin telur að sú háttsemi að auglýsa afslátt sem reiknast af eldra verði en því sem síðast var í gildi áður en til verðlækkunar kom feli í sér brot gegn 11. gr. laga nr. 57/2005. Um leið verður að telja að slíkar auglýsingar séu líklegar til að blekkja neytendur og feli í sér rangar upplýsingar um verðhagræði í skilningi 9. gr., auk þess sem þær brjóta gegn 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 366/2008.“*



Þá skuli einnig á það bent að fyrirtæki þurfa að færa sönnur á allar fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Samkvæmt ákvæðinu verði Bauhaus að geta fært sönnur á réttmæti þeirrar fullyrðingar að verð á vörunum hafi lækkað frá því sem tilgreint sé sem fyrra verð.

Bauhaus hafi engin gögn lagt fram til staðfestingar á því að umræddar vörur hafi verið seldar eða boðnar til sölu á tilgreindu fyrra verði áður en til lækkunar kom. Vísi Neytendastofa til fyrra bréfs stofnunarinnar þar sem fram komi að vörurnar höfðu allar verið auglýstar, án þess að um afsláttarauglýsingu væri að ræða, á lægra verði en því sem tilgreint er sem fyrra verð í umræddum auglýsingum.

Í bréfi Neytendastofu er til þess vísað að í skýringum Bauhaus segi um LEIKJAHÚS að verð vörunnar áður en afsláttur tók gildi þann 13. ágúst 2013, hafi verið 127.990 kr. Um LILLEVILLA 70 segi að verð vörunnar áður en afsláttur tók gildi þann 13. ágúst 2013, hafi verið 524.995 kr. Um LILLEVILLA 12 segir að verð vörunnar áður en afsláttur tók gildi þann 13. ágúst 2013, hafi verið 419.995 kr. Loks segi um LILLEVILLA BÍLSKÚR að verð vörunnar áður en afsláttur tók gildi þann 13. ágúst 2013, hafi verið 811.750 kr. Engin gögn hafi fylgt bréfinu sem sýni fram á að vörurnar hafi verið á því verði áður en afsláttur tók gildi.

Með vísan til alls ofangreinds fari Neytendastofa fram á að Bauhaus færi sönnur á að umræddar vörur hafi verið seldar á því verði sem tilgreint hafi verið sem fyrra verð.

#### 4.

Svar Bauhaus barst með bréfi, dags. 27. mars 2014. Í bréfinu segir að Bauhaus hafni því að úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 2/2012, sem vísað er til í bréfi Neytendastofu, skeri úr um þau álitæfni sem hreyft hafi verið við í fyrra bréfi félagsins. Þetta eigi sérstaklega við um það að 11. gr. laga nr. 57/2005 geri ekki áskilnað um að vara hafi verið seld á tilteknu fyrra verði. Raunar komi fram í þeim hluta úrskurðar áfrýjunarnefndar í máli nr. 2/2012 að nefndin telji að hugtakið upprunalegt verð í 11. gr. laga nr. 57/2005 beri að túlka á þann veg að átt sé við það verð sem var á viðkomandi vöru áður en það var lækkað, þ.e. síðasta verð vörunnar. Bauhaus andmæli ekki þessari túlkun nefndarinnar og telji hana í fullu samræmi við það sem Bauhaus hafi bent á að fyrirtækið telji að við mat á viðskiptaháttum í tengslum við auglýsta verðlækkun beri að skoða verðlagningu en ekki bara auglýst verð vöru saman við það verð sem síðast hafi verið selt á.

Bauhaus hafi með síðasta bréfi sínu lagt fram gögn til samræmis við óskir Neytendastofu vegna athugunar málsins. Í bréfi Neytendastofu, dags. 10. mars 2014, segi að fyrra bréfi Bauhaus hafi engin gögn fylgt sem sýndu fram á að vörurnar hefðu verið boðnar á því verði sem Neytendastofa hafi upplýst um að hefði verið síðasta verð áður en afsláttur tók gildi þann 13.



ágúst 2013. Bréfi Bauhaus hafi fylgt upplýsingar úr sölukerfi fyrirtækisins þar sem upplýst hafi verið, í samræmi við það sem Neytendastofa hafi farið fram á, hvað selt hefði verið af hinum tilgreindu vörutegundum á tilteknum tímabilum og á hvaða verði.

Meðfylgjandi bréfinu séu nú útprentanir úr upplýsingakerfum Bauhaus þar sem fram komi verð hinna tilgreindu vörutegunda eftir tímabilum án tillits til þess hvað selt hafi verið af þeim.

Í meðfylgjandi útprentunum vegna vörunnar LEIKJAHÚS komi fram að venjulegt verð vörunnar sé 127.995 kr. frá 18. apríl 2012. Frá 7. maí 2013 til 19. maí 2013 og frá 21. maí 2013 til 2. júní 2013 hafi varan verið boðin á 126.995 kr. Á sölutímabilinu frá 30. júlí 2013 til 11. ágúst 2013, hafi varan verið boðin á 99.995 kr. Hún hafi verið boðin á venjulegu verði 127.995 kr. frá því að sölutímabili lauk þann 11. ágúst 2013 til 13. ágúst 2013, er nýtt sölutímabil hófst og verð hennar lækkaði í 99.995 kr.

Meðfylgjandi útprentanir sýni að venjulegt verð vörunnar LILLEVILLA 70 sé frá 11. janúar 2012, 524.995 kr. Á sölutímabilinu frá 30. júlí til 11. ágúst 2013, hafi útsöluverð verið 419.995 kr. Enginn afsáttur hafi verið á vörunni frá því að sölutímabili lauk 11. ágúst 2013, þar til hún var boðin á verðinu 499.995 kr. þann 13. ágúst 2013.

Meðfylgjandi útprentanir sýni að venjulegt verð vörunnar LILLEVILLA 12 hafi frá 1. júlí 2013, verið 419.995 kr. Varan hafi ekki verið boðin á lægra verði en það fyrr en á sölutímabilinu 13. ágúst 2013, er hún hafi verið boðin á 279.995 kr.

Meðfylgjandi útprentanir sýni að venjulegt verð vörunnar LILLEVILLA BÍLSKÚR hafi frá 11. janúar 2012 verið 811.750 kr. Á sölutímabilinu 30. júlí 2013 hafi varan verið boðin á 648.995 kr. en var á almennu verði fram til 13. ágúst 2013.

Um verðlagningu félagsins og afslætti í harðri samkeppni vísi Bauhaus til þess sem fram hafi komið í fyrra bréfi félagsins.

## 5.

Í bréfi Neytendastofu til Bauhaus, dags. 19. júní 2014, sagði að við skoðun á gögnum málsins megi sjá að upplýsingar úr upplýsingakerfi Bauhaus sýni verð umræddra vara á sömu tímabilum og auglýsingabæklingar Bauhaus. Í gögnum málsins hafi því ekki verið lögð fram gögn sem varpi ljósi á verð varanna á öðrum tímabilum en þeim sem fram komi í auglýsingabæklingum.

Um vöruna LEIKJAHÚS segir í bréfinu að varan hafi í bæklingum með gildistíma 13. – 25. ágúst, 30. júlí – 11. ágúst og 16. – 28. júlí 2013, verið auglýst á tilboði á 99.995 kr. og fyrra verð tilgreint 127.995 kr. Í auglýsingabæklingi með gildistíma 18. – 30. júní, hafi varan verið auglýst



á venjulegu verði á 99.995 kr. Í tveimur auglýsingabæklingum, með gildistíma 21. maí – 2. júní og 7. – 19. maí, hafi varan verið auglýst á venjulegu verði á 126.995 kr.

Samkvæmt gögnum frá Bauhaus hafi verið seld tvö eintök af vörunni í júnímánuði 2013, á 99.995 kr. og eitt eintak árið 2012 á 127.990 kr. Yfirlit úr upplýsingakerfi gefi upp verð vörunnar á sömu tímabilum og varan hafi verið auglýst í auglýsingabæklingi félagsins og séu verð sem þar séu tilgreind söluverð, þ.e. í þeim tilvikum sem varan var boðin á tilboði, sé tilboðsverðið tilgreint í upplýsingakerfinu. Varan sé því tilgreind á 126.995 kr. í upplýsingakerfi á tímabilinu 7. – 19. maí og 21. maí – 2. júní.

Eins og fram hafi komið í fyrri bréfum Neftendastofu, sem og úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 2/2012, teljist fyrra verð vera það verð sem varan var síðast seld á. Af hálfu Bauhaus hafi verið sýnt fram á að varan hafi verið seld á tilgreindu fyrra verði árið 2012 auk þess sem varan var auglýst til sölu á tilgreindu fyrra verði í maí og upphafi júnímánaðar 2013. Frá þeim tíma og þar til hún var boðin á tilboði hafi varan verið auglýst á afsláttarverðinu, án þess að það væri tilgreint sem afsláttarverð, auk þess sem hún var seld á því verði.

Neftendastofa telji Bauhaus ekki hafa sýnt fram á að varan LEIKJAHÚS hafi verið seld á tilgreindu fyrra verði áður en til verðlækkunar kom.

Um vöruna LILLEVILLA 70 segir að varan hafi í bæklingum með gildistíma 13. – 25. ágúst, 30. júlí – 11. ágúst og 16. – 28. júlí 2013, verið auglýst á tilboði á 419.995 kr. og fyrra verð tilgreint 524.995 kr. Í auglýsingabæklingum með gildistíma 18. – 30. júní, 4. – 16. júní, 21. maí – 2. júní og 7. – 19. maí, hafi varan verið auglýst á venjulegu verði á 499.995 kr. Í auglýsingabæklingi með gildistíma 26. mars – 7. apríl, hafi varan verið auglýst á venjulegu verði 524.995 kr.

Samkvæmt gögnum frá Bauhaus hafi verið selt eitt eintak af vörunni þann 15. júlí, eitt þann 29. júlí og eitt þann 6. ágúst 2013. Í öllum tilvikum hafi varan verið seld á 419.995 kr. Á árinu 2012 hafi verið seld fimm eintök af vörunni á 524.995 kr. Á yfirliti úr upplýsingakerfi Bauhaus sé varan tilgreind á 524.995 kr. á nokkrum tímabilum árið 2012 og fyrri hluta árs 2013. Síðasta tímabilið sem varan sé tilgreind á því verði árið 2013 sé 26. mars – 7. apríl, eða á sama tíma og varan hafi verið auglýst á því verði í auglýsingabæklingi félagsins. Frá þeim tíma og til tímabilsins 18. – 30. júní, sé varan tilgreind á 499.995 kr. Þá sé verð hennar samkvæmt yfirliti úr upplýsingakerfinu 419.995 kr. á þeim þremur tímabilum sem varan hafi verið auglýst á tilboðsverði.

Samkvæmt gögnum málsins hafi varan síðast verið seld á 524.995 kr. árið 2012 og hafi ekki verið boðin á því verði síðan 7. apríl 2013. Eins og fram hafi komið að ofan, sem og í fyrri bréfi Neftendastofu og úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 2/2012, teljist fyrra verð





vera það verð sem varan var síðast seld á. Neytendastofa telji Bauhaus því ekki hafa fært sönnur á að varan LILLEVILLA 70 hafi verið seld á tilgreindu fyrra verði áður en til verðlækkunar kom.

Um vöruna LILLEVILLA 12 segir að varan hafi í bæklingi með gildistíma 13. – 25. ágúst, verið auglýst á tilboði á 335.995 kr. og fyrra verð tilgreint 419.995 kr. Í auglýsingabæklingum með gildistíma 18. – 30. júní, 4. – 16. júní og 7. – 19. maí 2013 hafi varan verið auglýst á venjulegu verði 279.995 kr. Varan hafi í auglýsingabæklingi með gildistíma 23. apríl – 5. maí, verið auglýst á venjulegu verði á 284.990 kr. og í auglýsingabæklingi með gildistíma 26. mars. – 7. apríl hafi hún verið auglýst á venjulegu verði á 389.900 kr.

Samkvæmt gögnum frá Bauhaus var varan seld í fimm eintökum á 279.995 kr. í ágústmánuði, tveimur eintökum á 279.995 kr. og einu á 335.995 kr. í júlímánuði, eitt eintak í júní og eitt í maí á 279.995 kr. og eitt eintak í aprílmánuði á 284.990 kr. Eitt eintak af vörunni var selt á 419.995 kr. árið 2012. Á yfirliti úr upplýsingakerfi er varan tilgreind á 419.995 kr. á fjórum tímabilum árið 2012. Varan er tilgreind á sömu verðum og í auglýsingabæklingum fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2013. Þann 1. júlí er varan samkvæmt yfirliti úr upplýsingakerfi á 419.995 kr. og á tímabilinu 13. – 25. ágúst er verð hennar 279.995.

Varan hafi á tímabilinu 18. – 30. júní verið auglýst á verðinu 279.995 kr. án þess að um tilboð væri að ræða, samkvæmt upplýsingakerfi var verð hennar þann 1. júlí 419.995 kr. en í júlímánuði sé hún seld bæði á 335.995 kr. og 279.995 kr. Varan hafi að nýju verið auglýst í bæklingi með gildistímann 13. – 25. ágúst þá á tilboði á 335.995 kr. og fyrra verð tilgreint 419.995 kr. Ekkert í gögnum málsins gefi til kynna að umræddar sögur í júlímánuði hafi verið sértilboð.

Neytendastofa telji samkvæmt ofangreindu ekki hafa verið sýnt fram á að varan LILLEVILLA 12 hafi verið seld á eða að raunverulegt verð vörunnar hafi verið 419.995 kr. áður en varan var boðin á tilboði samkvæmt auglýsingabæklingi með gildistíma 13. – 25. ágúst.

Um vöruna LILLEVILLA BÍLSKÚR segir að varan hafi í bæklingi með gildistíma 30. júlí – 11. ágúst verið auglýst á tilboði á 648.995 kr. og fyrra verð tilgreint 811.750 kr. Í bæklingi með gildistíma 7. – 19. maí hafi varan verið auglýst á venjulegu verði á 799.995 kr.

Samkvæmt gögnum frá Bauhaus var selt eitt eintak af vörunni á gildistíma hins auglýsta tilboðs á verðinu 648.995 kr. Þá var varan seld í einu eintaki í júlímánuði og einu árið 2012 á 799.995 kr. Í aprílmánuði var selt eitt eintak af vörunni á 811.750 kr. Á yfirliti úr upplýsingakerfi sé upphaflegt verð vörunnar 811.750 kr. Á tveimur tímabilum á árinu 2012 sé varan tilgreind annars vegar á 799.995 kr. og hins vegar á 810.995 kr. Varan sé tilgreind á 799.995 kr. á tímabilinu 7. – 19. maí og á 648.994 kr. á tímabilinu 30. júlí – 11. ágúst, sem samræmist gildistíma



auglýsingabæklinganna. Á yfirlitinu sé varan tilgreind á 899.995 kr. þann 27. febrúar 2014 og á 811.750 kr. á tímabilinu 18. mars – 29. ágúst 2014.

Samkvæmt gögnum málsins hafi varan LILLEVILLA BÍLSKÚR sannanlega verið seld á tilgreindu fyrra verði, 811.750 kr. Varan hafi hins vegar bæði verið auglýst til sölu og seld á 799.995 kr. frá þeim tíma og þar til hún var boðin á tilboði í auglýsingabæklingi með gildistímamann 30. júlí – 11. ágúst 2013. Af yfirliti úr upplýsingakerfi megi ekki sjá að varan hafi verið verðlögð á 811.750 kr. frá því að hún var seld á 799.995 kr. í júní og þar til hún var boðin á tilboði í lok júlí. Neytendastofa telji Bauhaus því ekki hafa fært fullnægjandi sönnur fyrir því að varan LILLEVILLA BÍLSKÚR hafi verið seld á tilgreindu fyrra verði áður en til verðlækkunar kom.

Neytendastofa telji þau gögn sem lögð hafi verið fram í málinu ekki færa fullnægjandi sönnur fyrir því að umræddar vörur hafi verið seldar eða sannanlega boðnar til sölu á auglýstu fyrra verði. Slíkt feli í sér brot gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008.

Með bréfinu var Bauhaus gefinn kostur á að leggja fram frekari gögn til sönnunar auglýsingum sínum eða koma að frekari athugasemdum eða skýringum áður en tekin yrði ákvörðun í málinu.

Ekkert svar barst.

## **II. Niðurstaða**

### **1.**

Í máli þessu hefur Neytendastofa farið fram á að Bauhaus slhf. færi sönnur á að fjórar vörur hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði. Kemur því til álita hvort Bauhaus hafi brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Af hálfu Bauhaus er því hafnað að brotið hafi verið gegn ofangreindum ákvæðum. Þá eru af hálfu Bauhaus gerðar athugasemdir við að ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008 eigi sér ekki viðhlítandi stoð í 11. gr. laga nr. 57/2005 þar sem ákvæði reglnanna gangi lengra en lagaákvæðið. Ákvæði 11. gr. geri kröfu um að vara hafi verið boðin til sölu á því verði sem tilgreint sé sem fyrra verð og því gangi sú krafa 3. gr. reglna nr. 366/2008 um að varan hafi



sannanlega verði seld á því verði lengra og geti það ekki samræmst þeirri reglu að stjórnvaldsfyrirmæli verði að eiga sér viðhlítandi stoð í lögum. Þá telji félagið ákvæðið ekki samræmast tilskipun Evrópuþingsins og –ráðsins nr. 2005/29/EB, þar sem kveðið sé á um allsherjarsamræmingu og því geti Neytendastofa ekki byggt ákvörðun á ákvæði reglna sem geri kröfur umfram það sem greinir í tilskipuninni.

## 2.

Eins og áður segir er í bréfum Neytendastofu vísað til ákvæða 5. gr., 8. gr., d liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 auk 3. gr. reglna nr. 366/2008.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er skv. ákvæðinu nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 8. gr. laganna segir:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*

Í d. lið 1. mgr. 9. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er um það fjallað að viðskiptahættir séu villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.-g. liðum 1. mgr. 9. gr. eru tilgreindar þær upplýsingar sem ákvæðið tekur til og segir þar í d. lið að átt sé við rangar upplýsingar um:

*„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum“*

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi:

*„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“*

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Þar segir í 3. gr.:

*„Þegar auglýst er lækkað verð á vöru eða þjónustu skal fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom.“*



*Seljandi skal geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.*

### 3.

Um er að ræða fjórar vörutegundir sem auglýstar hafa verið á lækkuðu verði í auglýsingabæklingum Bauhaus og stofnunin fer fram á að færðar séu sönnur á að hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði.

LEIKJAHÚS. Í þremur auglýsingabæklingum ársins 2013, þ.e. bæklingum með gildistíma 13. – 25. ágúst, 30. júlí – 11. ágúst og 16. – 28. júlí 2013, var LEIKJAHÚS auglýst á tilboði á 99.995 kr. og fyrra verð tilgreint 127.995 kr. Fyrr á sama ári, eða í auglýsingabæklingi með gildistíma 18. – 30. júní, var LEIKJAHÚS auglýst á verðinu 99.995 kr. án þess að fram kæmi að um lækkað verð væri að ræða. Þar áður, eða í auglýsingabæklingum með gildistíma 21. maí – 2. júní og 7. – 19. maí, var LEIKJAHÚS auglýst á verðinu 126.995 kr. án þess að fram kæmi að um lækkað verð væri að ræða.

Af gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu er ljóst að seld voru tvö eintök af vörunni í júnímánuði 2013, á 99.995 kr. og eitt eintak árið 2012, á 127.990 kr. Yfirlit úr upplýsingakerfi Bauhaus sýnir verð vörunnar á sömu tímabilum og hún var auglýst í auglýsingabæklingi félagsins og eru verð sem tilgreind eru í upplýsingakerfinu söluverð. Í því felst að í þeim tilvikum sem varan var boðin á tilboði er tilboðsverðið tilgreint í upplýsingakerfinu. Varan er því tilgreind á 126.995 kr. í upplýsingakerfi á tímabilinu 7. – 19. maí og 21. maí – 2. júní.

LILLEVILLA 70. Í þremur auglýsingabæklingum ársins 2013, þ.e. bæklingum með gildistíma 13. – 25. ágúst, 30. júlí – 11. ágúst og 16. – 28. júlí, var LILLEVILLA 70 auglýst á tilboði á 419.995 kr. og fyrra verð tilgreint 524.995 kr. Fyrr á sama ári, eða í auglýsingabæklingum með gildistíma 18. – 30. júní, 4. – 16. júní, 21. maí – 2. júní og 7. – 19. maí, var LILLEVILLA 70 auglýst á verðinu 499.995 kr. án þess að fram kæmi að um lækkað verð væri að ræða. Í auglýsingabæklingi með gildistíma 26. mars – 7. apríl 2013, var LILLEVILLA 70 auglýst á verðinu 524.995 kr. án þess að fram kæmi að um lækkað verð væri að ræða.

Af gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu er ljóst að þrjú eintök af vörunni voru seld á árinu 2013, eitt þann 15. júlí, eitt þann 29. júlí og eitt þann 6. ágúst. Í öllum tilvikum var söluverð 419.995 kr. Á árinu 2012 voru seld fimm eintök af vörunni á 524.995 kr. Yfirlit úr upplýsingakerfi Bauhaus tilgreinir verð LILLEVILLA 70 524.995 kr. á nokkrum tímabilum árið 2012 og fyrri hluta árs 2013. Síðasta tímabilið sem varan er tilgreind á því verði í upplýsingakerfinu er 26. mars – 7. apríl 2013, eða á sama tíma og varan var auglýst á því verði í auglýsingabæklingi félagsins. Frá þeim tíma og til tímabilsins 18. – 30. júní, er varan tilgreind í



upplýsingakerfinu á 499.995 kr. Þá er verð hennar samkvæmt yfirliti úr upplýsingakerfinu 419.995 kr. á þeim þremur tímabilum sem varan var auglýst á því tilboðsverði.

Samkvæmt gögnum málsins var LILLEVILLA 70 síðast seld á verðinu 524.995 kr. árið 2012 og hefur varan ekki verið boðin á því verði síðan 7. apríl 2013.

LILLEVILLA 12. Í auglýsingabæklingi með gildistíma 13. – 25. ágúst 2013, er varan auglýst á tilboði á 335.995 kr. og fyrra verð tilgreint 419.995 kr. Í þremur auglýsingabæklingum frá fyrrihluta árs 2013, þ.e í bæklingum með gildistíma 18. – 30. júní, 4. – 16. júní og 7. – 19. maí, var verð LILLEVILLA 12 tilgreint 279.995 kr. án þess að fram kæmi að um sérstakt verðhagræði væri að ræða. Þá var varan í auglýsingabæklingi með gildistíma 23. apríl – 5. maí 2013, auglýst á verðinu 284.990 kr. án þess að fram kæmi að um lækkað verð væri að ræða og í auglýsingabæklingi með gildistíma 26. mars. – 7. apríl 2013, var hún auglýst á verðinu 389.900 kr.

Af gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu er ljóst að árið 2013 voru seld 11 eintök af LILLEVILLA 12, fimm á 279.995 kr. í ágústmánuði, tvö á 279.995 kr. og eitt á 335.995 kr. í júlímánuði, eitt í júní og eitt í maí á 279.995 kr. og eitt eintak í aprílmánuði á 284.990 kr. Eitt eintak af vörunni var selt á 419.995 kr. árið 2012. Á yfirliti úr upplýsingakerfi er varan tilgreind á 419.995 kr. á fjórum tímabilum árið 2012. Varan er tilgreind á sömu verðum í upplýsingakerfi Bauhaus og í auglýsingabæklingum félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2013. Þann 1. júlí 2013, er varan samkvæmt yfirliti úr upplýsingakerfi á 419.995 kr. og á tímabilinu 13. – 25. ágúst 2013, er verð hennar 279.995.

Á tímabilinu 18. – 30. júní 2013, var LILLEVILLA 12 auglýst á verðinu 279.995 kr. án þess að fram kæmi að um lækkað verð væri að ræða. Samkvæmt upplýsingakerfi var verð hennar þann 1. júlí 2013, 419.995 kr. en í þeim mánuði var hún samt sem áður seld bæði á 335.995 kr. og 279.995 kr. Varan var að nýju kynnt í bæklingi með gildistímann 13. – 25. ágúst 2013, en þá á tilboði á 335.995 kr. og fyrra verð tilgreint 419.995 kr. Ekkert í gögnum málsins gefur til kynna að umræddar sölur í júlímánuði hafi verið sértilboð.

LILLEVILLA BÍLSKÚR. Í auglýsingabæklingi með gildistíma 30. júlí – 11. ágúst 2013, var varan auglýst á tilboði á 648.995 kr. og fyrra verð tilgreint 811.750 kr. Í bæklingi með gildistíma 7. – 19. maí 2013, var LILLEVILLA BÍLSKÚR auglýstur á verðinu 799.995 kr. án þess að fram kæmi að um lækkað verð væri að ræða.

Af gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu er ljóst að selt var eitt eintak af vörunni á gildistíma hins auglýsta tilboðs á verðinu 648.995 kr. Þá var varan seld í einu eintaki í júnímánuði 2013 og einu árið 2012 á 799.995 kr. Í aprílmánuði 2013, var selt eitt eintak af



vörunni á 811.750 kr. Á yfirliti úr upplýsingakerfi Bauhaus er upphaflegt verð LILLEVILLA BÍLSKÚR 811.750 kr. Á tveimur tímabilum á árinu 2012 er varan tilgreind annars vegar á 799.995 kr. og hins vegar á 810.995 kr. Varan er tilgreind á 799.995 kr. á tímabilinu 7. – 19. maí 2013 og á 648.994 kr. á tímabilinu 30. júlí – 11. ágúst 2013, sem samræmist gildistíma auglýsingabæklinganna. Á yfirliti úr upplýsingakerfi Bauhaus er verð LILLAVILLA BÍLSKÚR 899.995 kr. þann 27. febrúar 2014 og 811.750 kr. á tímabilinu 18. mars – 29. ágúst 2014.

#### 4.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 2/2012 er um það fjallað að samkvæmt 11. gr. laga nr. 57/2005 telst upphaflegt verð vöru vera það verð sem varan var boðin á áður en til verðlækkunar kom. Neytendastofa getur ekki fallist á það með Bauhaus að ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008 gangi of langt eða sé ekki í samræmi við ákvæði 11. gr. laganna eða tilskipunar 2005/29/EB. Með ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2009 er nánar kveðið á um þá skyldu að verðlækkun skuli vera raunveruleg og að seljandi skuli geta fært sönnur á slíkt. Er það einnig í samræmi við ákvæði d. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, sem og skyldu 4. mgr. 6. gr. laganna um að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sínar.

Bauhaus hefur lagt fram gögn til staðfestingar því, fyrir allar umræddar vörur, að vörurnar hafi sannanlega verið seldar á tilgreindu fyrra verði á árinu 2012. Í öllum tilvikum hafa vörurnar bæði verið auglýstar og seldar á lægra verða frá þeim tíma og þar til birtar voru þær auglýsingar sem mál þetta snýr að.

Þau gögn sem Bauhaus hefur lagt fram í málinu sýna annars vegar sölu á umræddum vörum og hins vegar yfirlit úr upplýsingakerfi félagsins fyrir vörurnar. Framlögð gögn sýna hvorki að vörurnar hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði né að þær hafi verið boðnar til sölu á því verði áður en þær voru auglýstar á tilboði. Af hálfu Bauhaus hafa því ekki verið færðar sönnur á að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Með vísan til alls ofangreinds telur Neytendastofa að Bauhaus hafa brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, með því að auglýsa vörurnar á lækkuðu verði.

#### 5.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga.



Að teknu tilliti til umfangs brotsins sem og að teknu tilliti til jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnáslulaga telur Neytendastofa rétt að leggja á Bauhaus, stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 500.000- (fimmhundraðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

„Bauhaus slhf., Lambhagavegi 2-4, Reykjavík, hefur með auglýsingum um lækkað verð á vörum LEIKJAHÚS, LILLEVILLA 70, LILLEVILLA 12 og LILLEVILLA BÍLSKÚR án þess að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Bauhaus slhf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Bauhaus slhf., að fjárhæð fjárhæð kr. 500.000- (fimmhundraðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 30. júlí 2014

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir